

## Stjórnarfundur SKÍ

nr. 1669– 17. október 2024, kl. 15:30 – 17:50– fjarfundur

---

<b>Efni fundarins:</b>	13. stjórnarfundur SKÍ 2023 – 2025.
<b>Fundarstjóri:</b>	Bjarni Theódór Bjarnason formaður.
<b>Fundarritari:</b>	Jónas Egilsson.
<b>Þátttakendur:</b>	Bjarni Theódór Bjarnason formaður, Jón Egill Sveinsson varaformaður, Gísli Reynisson gjaldkeri, Sigurður Sveinn Nikulásson formaður alpagreinaneftdar, Einar Ólafsson formaður skíðagöngunefndar, Brynja Þorsteinsdóttir afreksstjóri og Jónas Egilsson framkvæmdastjóri.
<b>Fjarverandi:</b>	Hugrún Elvarsdóttir ritari, Aðalsteinn Valdimarsson formaður Snjóþrettaneftdar og Veronika Guseva formaður skíðaskotfimineftdar.

### Fundardagskrá

- Fundargerð síðasta fundar, nr. 1668**
- Fjármál**
  - Fjárhagsáætlun 2025 2. drög
  - Mótauppgjör 2024
- Ólympíuhátíð Evrópuæskunnar (EYOF), í Georgíu 9.-16. janúar 2025 (Afreksstjóri)**
  - Kostnaður
  - Val þátttakenda
- Íþróttakona og íþróttakar SKÍ 2024 og hóf vegna kjörs Íþróttamans ársins, 4. janúar nk**
- Stuttar fréttir af störfum nefnda**
- Mál lögð fram til kynningar og afgreiðslu**
  - Uppfærð Handbók SKÍ.
  - Reglur um æfingabúðir - greiðslur og kostnað.
- Mótakerfið, fundir, fræðsla o.fl. um Mótakerfið**
- Önnur mál**
  - Bréf frá ÍSÍ vegna laga SKÍ.
  - Íþróttaping (ÍSÍ) 16. og 17. maí 2025
  - Þing FIS (í rafrænu formi) 13. júní 2025
  - Vinnufundur um Vetrariþróttamiðstöð Íslands, 5. des. sl.

## Fundargerð

Fundur settur kl. 15.30.

### 1. Fundargerð síðasta fundar, nr. 1668

Fundargerðin lögð fram og samþykkt.

### 2. Fjármál

- 2.1. Fjárhagsáætlun 2025 2. drög. Drög 2 að fjárhagsáætlun SKÍ fyrir 2025 lögð fram. Skv. henni eru tekjur um 158 m.kr. Væntanleg úthlutun úr Afrekssjóði til skíðaíþróttarinnar er 45 m.kr. Þar af 5 m.kr. til einstaklinga. Mögulegt viðbótarframlag frá ÍSÍ vegna samnings ÍSÍ við ráðherra um 637 m.kr. framlags á næsta ári liggur ekki fyrir enn. Nefndir SKÍ eru að skila inn ítarlegum kostnaðaraáætlunum vegna undirbúnings fyrir Vetrarólympíuleikana 2026. Endanleg úthlutun til nefnda verður lögð fyrir næsta fund stjórnar.
- 2.2. Mótauppgjör. Uppgjör við félögin, vegna móta tímabilið 2023-2024, miðar áfram og er eftir að yfirfara tölur með þremur félögum. Vinnu lýkur væntanlega í næstu viku.

### 3. Ólympíuhátíð Evrópuæskunnar (EYOF), í Georgíu 9.-16. janúar 2025 (Afrekstjóri)

- 3.1. Kostnaður. Áætlaður heildarkostnaður SKÍ er um 2,8 m.kr. vegna flokksstjóra og þjálfara. ÍSÍ greiðir um 50% kostnaðar allra. Samþykkt að þátttakendur greiði sinn kostnað, flug, fatnað, þátttökugjöld og gistingu og þau gjöld verði innheimt fyrirfram. Kostnaði SKÍ er vísað til fjárhagsáætlunar 2025.
- 3.2. Val þátttakenda. Afrekstjóri gerði grein fyrir þeim fjölda sem áætlað er að taki þátt og val fer fram í desember með ÍSÍ.

### 4. Íþróttakona og íþróttakarlfélag SKÍ 2024 og hóf vegna kjörs íþróttamans ársins, 4. janúar nk.

Tillögur liggja ekki fyrir. Ákvörðun verður tekin á næsta fundi stjórnar sem væntanlega verður haldin fyrir jólin.

### 5. Stuttar fréttir af störfum nefnda

*Alpagreinar:* Sigurður fór yfir helstu verkefni, viðburði og árangur okkar fólks í alpagreinum. Að hans mati er árangur liðsins ótvírætt að skila góðum árangri, miðað við úrslit fyrstu móta og keppendur hafa bætt í sínar punktastöðu.

*Skíðaganga:* Einar greindi frá góðri stöðu okkar keppenda í skíðagöngu en okkar besta fólk hefur verið í æfingabúðum í Finnlandi og Svíþjóð og gengið mjög vel. Krístrún er að hefja keppni á ný eftir meiðsli.

*Skíðaskotfimi:* Einar sagði frá því að um 25 manns stefndu á þátttöku á grænlenka meistaramótinu í skíðaskotfimi og áhugasamur hópur stundaði æfingar í bænum. Sótt verður um styrki til IBU vegna verkefna skíðaskotfiminefndar, en sambandið veitir eingöngu verkefnatengda styrki

*Snjóbretti:* Brynja greindi frá stöðu okkar snjóbrettafólks. Æfingar ganga vel og Anna Kamilla er nálægt því að ná lágmörkum inn á World Cup mót. Arnór æfir hjá Way Acadamy og gengur vel. Nú standa yfir æfingabúðir snjóbrettafólks í Austurríki.

### 6. Mál lögð fram til kynningar og afgreiðslu

- 6.1. Uppfærð Handbók SKÍ. Uppfærð Handbók SKÍ lögð fram og samþykkt. Formaður og framkvæmdastjóri fara yfir orðalag í breyttu skjali.
- 6.2. Reglur um æfingabúðir - greiðslur og kostnað. Tillaga um fyrirkomulag undirbúnings og greiðslna lögð fram og samþykkt.

## 7. Mótakerfið, fundir, fræðsla o.fl. um Mótakerfið

Lagt fram minnisblað um fundi og fræðslu ásamt breytingum á Mótakerfinu fyrir komandi skíðaár. Tveir fræðslu- og kynningarfundir voru í nóvember og desember með fulltrúum félaga SKÍ. Helstu uppfærur eru:

1. Staðgreiðsla allra mótagjalda
2. Uppgjör verða vikuleg – ekki mánaðarlega eins og var
3. Þjónustugjöld færsluhirðis lækka um 50% sem verður viðskiptabanki sambandsins.
4. Sett verður upp e.k. „innkaupakarfa“ sem gerir foreldrum og þjálfurum að skrá og greiða fyrir 2 eða fleiri keppendur á mót.
5. Sérstaklega var farið ofan í breytingar og aðlögum forritsins að skíðagöngunni.

## 8. Önnur mál

- 8.1. Bréf frá ÍSÍ vegna laga SKÍ. Lagt fram bréf frá lögfræðingi ÍSÍ vegna breytinga á lögum SKÍ.
- 8.2. Íþróttaping (ÍSÍ) verður haldið á höfuðborgarsvæðinu 16. og 17. maí 2025. SKÍ á tvo fulltrúa á þinginu.
- 8.3. Þing FIS (í rafrænu formi) 13. júní 2025. Formaður er fulltrúi SKÍ á fundinum.
- 8.4. Vinnufundur um Vetraríþróttamiðstöð Íslands, 5. des. sl. Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir fundinum sem haldinn var í Hofi á Akureyri, en vinna er komin af stað við stefnumótun fyrir nýja Vetraríþróttamiðstöð á Íslandi.
- 8.5. Ólympíuhópur ÍSÍ. Brynja greindi frá því að ÍSÍ óskaði eftir tilnefningum í Ólympíuhóp vegna vetrarleikana sem fyrst frá SKÍ. Eftirtaldir voru samþykktir í hóp SKÍ: Dagur Benediktsson og Krístrún Guðnadóttir í skíðagöngu. Hólmfríður María Friðbergsdóttir, Bjarni Þór Hauksson og Matthías Kristinsson í alpagreinum og Anna Kamilla Hlynsdóttir á snjóþrettum. Hópurinn verður endurskoðaður fram að Vetrarleikunum eftir því sem keppendur standa sig.
- 8.6. Framkvæmdastjóri greindi frá því að alls hefðu 2,7 m.kr. verið greiddar í desember inn á kostnað við gistingu á HM í skíðagöngu og í alpagreinum.

*Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 16:50.*

*Fundargerð ritaði Jónas Egilsson.*